

## LÖG

**um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda  
vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.**

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Við 1. málsl. 8. tölul. 31. gr. laganna bætist: þó ekki af félögum sem hafa starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags.

## 2. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Sama gildir um arð og söluhagnað einstaklinga utan rekstrar af hlutafé í félagi sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags.

## 3. gr.

Við 1. mgr. 72. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Tekjuskattur félags sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal vera 5% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

## 4. gr.

Á eftir 3. mgr. 84. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal félag sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags vera undanþegið eignarskatti.

## II. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og  
endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.**

## 5. gr.

Við b-lið 3. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Félag sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags skal þó undanþegið sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum þessum.

## III. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald,  
með síðari breytingum.**

## 6. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., ákvæði 4. gr. og ákvæði III. kafla skulu skjöl er ella væru stimpilskyld samkvæmt lögum þessum vera stimpilfrjáls ef þau varða kaup og sölu félags,

sem hefur starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags, á flugvélum og skipum sem því eru heimil lögum samkvæmt, skrásetningu réttinda og stofnun takmarkaðra eignarréttinda yfir slíkum eignum alþjóðlegs viðskiptafélags eða lántökur, lánveitingar eða viðskipti slíks félags vegna lögheimillar starfsemi þess.

## IV. KAFLI

**Breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,  
með síðari breytingum.**

## 7. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 1. og 2. tölul., svohljóðandi:

- |                                                           |             |
|-----------------------------------------------------------|-------------|
| 1. Starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags .....           | 100.000 kr. |
| 2. Árlegt eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags ..... | 100.000 kr. |

## V. KAFLI

## Gildistaka.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 1.–5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 1999.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Geir H. Haarde.*

Nr. 30

18. mars 1999

## LÖG

**um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.**

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum.

## 2. gr.

Í stað 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur. Hæfi leyfishafa skal metið á grundvelli árlegrar læknis-skoðunar og hæfnisprófs sem þreyta skal tvisvar sinnum eftir lok 70 ára aldurs leyfishafa. Hæfnispróf skal fyrst þreyta við fyrstu framlengingu leyfis og aftur innan þriggja ára frá þeim degi. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.